

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 7 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkur og varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kýs sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 2. nóv. 1973. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr. Hlutverk fulltrúa varnamáladeildar skal jafnframt vera að ræða við fulltrúa varnarlíðsins um nauðsynlegar skipulagsbreytingar á varnasvæðum Keflavíkurflugvallar, og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmaður, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni annars hvors sveitarfélagsins eða varnamáladeildar og fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal kjósa sér ritara og halda gerðabók. Skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar, eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvort sveitarfélaganna, sem aðild á að nefndinni og varnamáladeild, greiði hver um sig $\frac{1}{6}$ en skipulag ríkisins $\frac{1}{2}$. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

7. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

21. febrúar 1978.

Nr. 110.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ. e. mati mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 20.00 fyrir 100 kg. af sementsnotkun.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 20 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 8.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d. Fyrir vatnsnotkun við sildarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu sildar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.
- e. Fyrir sjósaltaða sild sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- f. Fyrir vatnsnotkun við sildarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 100.00 fyrir hvert innvegið tonn af hráefni.
- f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 60.00 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00 þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
- h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.